

Söltuð ufsaflök:	D. M. pr. lest cif.
21/25 FF	5 740
21/25 AB	4 775
26/30 SL	6 175
26/30 FF	5 520
26/30 AB	4 595
31/35 SL	5 910
31/35 FF	5 280
31/35 AB	4 385
36/40 SL	5 635
36/40 FF	5 035
36/40 AB	4 180
41/45 SL	5 380
41/45 FF	4 805
41/45 AB	3 980
46/50 SL	5 070
46/50 FF	4 495
51/60 SL	4 820

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun. Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 14. gr., skulu hækka um 3,25% frá og með 1. nóvember 1981 frá því sem þær voru í október 1981.

2. gr.

Tekjutrygging og heimilisuppbót skv. 19. gr. skulu frá sama tíma hækka um 4%.

3. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skulu síðan hækka um 9,92% frá og með 1. desember 1981, frá því sem gildir um bætur nóvembermánaðar skv. 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. nóvember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.